

Þriðjudaginn 3. nóvember 1998.

Nr. 423/1998.

**Már Ágúst Björgvinsson og
Inga S. Ingvadóttir**

(Kristján Stefánsson hrl.)

gegn

Kaupfélagi Árnesinga

(Ólafur Björnsson hrl.)

Kærumál. Nauðungarsala. Res judicata. Frávísun frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Gunnlaugur Claessen og Arnljótur Björnsson og Björn Þ. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðilar skutu málinu til Hæstaréttar með kæru 30. september 1998, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 15. október síðastliðinn. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Suðurlands 14. september 1998, þar sem málinu var vísað frá héraðsdómi. Kæruheimild er í j-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sóknaraðilar krefjast þess, að kröfur sínar í héraði fái efnismeðferð í dómi. Þá krefjast þeir kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Sóknaraðilar áfrýjuðu ekki niðurstöðu umrædds uppboðs samkvæmt þágildandi reglum, og eru þeir því við hana bundnir. Með þessari athugasemd, en að öðru leyti með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Sóknaraðilar verða dæmdir til að greiða varnaraðila kærumálskostnað, svo sem greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðilar, Már Ágúst Björgvinsson og Inga S. Ingvadóttir, greiði óskipt varnaraðila, Kaupfélagi Árnesinga, 20.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Suðurlands 14. september 1998.

Mál þetta, sem þingfest var 9. apríl 1997, hafa Már Ágúst Björgvinsson, kt. 140637-7269, og Inga S. Ingvadóttir, kt. 130336-5159, bæði til heimilis að Sóltúni 28, Reykjavík, höfðað gegn Kaupfélagi Árnesinga, kt. 680169-5869, Austurvegi 3-5, Selfossi.

Krafa stefnda um frávísun máls þessa var tekin til úrskurðar 11. september sl. að loknum munnlegum málflutningi.

Samkvæmt stefnu eru dómkröfur stefnanda þær, að stefndi, Kaupfélag Árnesinga, verði dæmdur til að greiða stefnanda Ingu S. Ingvadóttur 2.122.802 kr. með hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum frá 20. nóvember 1989 skv. ákvæðum III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 til greiðsludags og til að greiða stefnanda Má Ágústi Björgvinssyni 1.781.361 kr. með hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum frá 20. nóvember 1989 skv. ákvæðum III. kafla vaxtalaga til greiðsludags. Auk þess krefjast stefnendur þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnendum málskostnað auk virðisaukaskatts og að málskostnaðarfjárhæð beri dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987.

Stefndi gerir aðallega þær dómkröfur, að málinu verði vísað frá dómi, og til vara, að stefndi verði alsýknaður af öllum kröfum stefnanda. Þá krefst stefndi málskostnaðar að skaðlausu skv. gjaldskrá Lögmannna Suðurlandi.

Forsaga þessa máls er sú, að stefnandi Már var um nokkurra ára bil starfsmaður stefnda og gegndi síðast stöðu útibússtjóra í verslun stefnda á Laugarvatni. Árið 1985 var stefnandi Már kærður fyrir fjárdrátt og sat í varðhaldi í 30 daga. Stefnandi neitaði staðfastlega sakargiftum, en afhenti stefnda samt sem áður í janúar 1987 sex veðskuldabréf, hvert að fjárhæð 500.000 kr. Öll voru bréfin með veðrétti í Neðstabergi 2, Reykjavík, fasteign stefnanda Ingu S. Ingvadóttur, eiginkonu Más. Stefnandi Már kveðst hafa verið mjög miður sín og aðeins afhent veðskuldabréfin til þess að tryggja uppgjör, ef í ljós kæmi, að hann væri skuldugur. Afhendingin hafi ekki átt að vera viðurkenning á skuld við stefnda, kaupfélagið, né viðurkenning á sekt stefnanda. Stefnandi krafðist loks greiðslu á skuldabréfunum, sem fóru í vanskil, og í kjölfar þess var fasteignin Neðstaberg 2 seld á nauðungaruppbóði 20. nóvember 1989, og var eignin síðan lögð út stefnda sem ófullnægðum veðhafa 19. október 1990. Eigninni var úthlutað stefnda sem hæstbjóðanda.

Ágreiningur málsaðila snýst í fyrsta lagi um það, að stefnendur telja, að stefndi hafi við útreikning á verðmæti bréfanna, sem hann sendi borgarfégetanum í Reykjavík vegna uppboðsbeiðni á fasteigninni Neðstabergi 2, miðað við ranga lánskjaravísitölu, þannig, að upphæð bréfanna hafi verið mun hærri en rétt væri, og krefst stefnandi Már þeirrar fjárhæðar, sem þau

voru ofreiknuð um, með því að nota ranga lánskjaravísitölu. Í öðru lagi telja stefnendur, að stefndi hafi fengið hærri fjárhæð úthlutað en nam skuld stefnanda Más við stefnda. Gerir því stefnandi Inga kröfu um eftirstöðvar af uppboðsverði fasteignarinnar.

Í málflutningi um frávísunarkröfu stefnda var af hálfu stefnda bent á það, að það hefði verið borgarfégetinn í Reykjavík (nú sýslumaður), sem hafi farið með framkvæmd nauðungaruppboðsins, er hafi á þeim tíma verið dómsathöfn. Stefnendur hefðu því þurft að áfrýja uppboðsmálinu til Hæstaréttar, ef þeir vildu ekki setta sig við niðurstöðu uppboðsins. Það hafa þeir ekki gert, og því sé niðurstaða uppboðsins bindandi fyrir aðila málsins. Mál þetta verði því ekki lagt fyrir dómstóla að nýju, og valdi res judicata-áhrif uppboðsins því, að málinu verði að vísa frá dómi. Til stuðnings frávísunarkröfu sinni vísar stefndi til 116. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Einnig krafðist stefndi málskostnaðar að skaðlausu að mati réttarins.

Stefnendur andmæla frávísun og fara fram á, að frávísunarkröfu stefnda verði hrundið, þar sem krafa hans ætti við engin rök að styðjast; ágreiningur aðila hefði aldrei verið borinn undir dómstóla, en um kröfur væri að ræða, sem þyrftu efnislega meðferð dómsins. Kröfðust stefnendur þess einnig, að stefndi yrði dæmdur til greiðslu málskostnaðar.

Við úthlutun uppboðsandvirðis skal uppboðshaldari sem dómari fara yfir kröfur þær, sem gerðar eru í uppboðsandvirði eignar. Þegar uppboðshaldari hefur þannig kannað réttmæti lýstra krafna, semur hann frumvarp að úthlutunargerð uppboðsandvirðis. Þegar slíkt frumvarp hefur verið lagt fram, gefst aðilum uppboðsins kostur á að gera athugasemdir við efni frumvarpsins. Stefnendur neyttu ekki þess möguleika að mótmæla kröfugerð stefnda fyrir uppboðsréttinum, og telur dómurinn með vísan til 2. mgr. 116. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, að með þessu tómlæti hafi stefnendur firrt sig möguleikum til að bera stefnukröfu sína undir dómstóla. Verður því krafa stefnda um frávísun málsins tekin til greina.

Eftir 2. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála verður stefnendum gert að greiða stefnda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 55.000 krónur.

Kristján Torfason dómstjóri kvað upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnendur, Már Ágúst Björgvinsson og Inga S. Ingvadóttir, greiði stefnda, Kaupfélagi Árnesinga, 65.000 krónur í málskostnað.